



36. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 18. júní 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 36. fundar þriðjudaginn 18. júní 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 11. júní 2013**
 - b. **Landbúnaðarnefnd frá 5. júní 2013**
2. **Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Blönduósbæjar – fyrri umræða**
3. **Innkaupareglur Blönduósbæjar – síðari umræða**
4. **Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar**
 - a) **Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar**
 - b) **Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar**
 - c) **Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar**
 - d) **Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar**
5. **Ákvörðun um sumarleyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar**

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 11. júní 2013**

Fundargerðin er í 7 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Zophonías Ari vék af fundi við umræðu á 2. lið fundargerðarinnar. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. **Landbúnaðarnefnd frá 5. júní 2013**

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.



2. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Blönduósbæjar – fyrri umræða

Á grundvelli 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, hefur innanríkisráðuneytið samið fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga. Gildir sú fyrirmynd þar til ráðuneytið hefur staðfest sérstaka sambærilega samþykkt fyrir sveitarfélag.

Endurskoðaðar samþykktir sveitarfélagsins Blönduósbæjar lagðar fram til fyrri umræðu. Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um samþykktirnar. Að því loknu var samþykkt að vísa endurskoðuðum samþykktum um stjórn sveitarfélagsins til síðari umræðu á næsta eða þar næsta fundi bæjarstjórnar.

3. Innkaupareglur Blönduósbæjar – síðari umræða

Innkaupareglur Blönduósbæjar lagðar fram til síðari umræðu. Almennar umræður og fyrirspurnir urðu um reglurnar.

Eftirfarandi samþykkt varðandi samninga og innkaupaaðferðir að meginreglan sé sú að beitt skuli útboðum við innkaup þegar áætluð samingsfjárhæð, að meðtöldum virðisaukaskatti, fer yfir eftirtaldar fjárhæðir:

Verklegar framkvæmdir: 15 milljónir
Þjónustukaup: 5 milljónir
Vörukaup: 5 milljónir

Eftirfarandi samþykkt varðandi verðfyrirspurnir að þegar ekki er viðhaft útboð eins og meginreglan í 1. mgr. 4. gr. kveður á um vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal formleg fyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta þegar áætluð samningsfjárhæð, að meðtöldum virðisaukaskatti, fer yfir eftirtaldar fjárhæðir:

Verklegar framkvæmdir: 1. mkr. – 15 mkr.
Þjónustukaup: 1.mkr. – 5 mkr.
Vörukaup: 1.mkr. – 5 mkr.

Að því loknu voru reglurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.

4. Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar

a) Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Ágúst Þór Bragason. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum og 3 sátu hjá.

b) Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Kára Kárason. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum og 1 sat hjá.

c) Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Þórdísi Erlu Björnsdóttur. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.



d) Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósþæjar

Fram kom tillaga um eftirfarandi aðal- og varafulltrúa.

Aðalmenn:

Zophonías Ari Lárusson af L-lista

Kári Kárason af L-lista

Þórdís Hauksdóttir af S-lista

Varamenn:

Anna Margret Sigurðardóttir af L-lista

Hilmar Þór Hilmarsson af L-lista

Oddný María Gunnarsdóttir af S-lista

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Ákvörðun um sumarleyfi bæjarstjórnar Blönduósþæjar

Forseti bar upp tillögu um að bæjarstjórn taki sumarfrí frá 18. júní til 20. ágúst 2013 og felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála á meðan.

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:10.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)